

Námsferð Leikskóla Fjallabyggðar



Berlín

24.04. – 28.04. 2024

Árið 2020 var gert ráð fyrir því að fara í námsferð þar sem áherslan var á útinám, en að því varð ekki þar sem covid skall á. Nú fjórum árum síðar þá fórum við aftur af stað með sömu hugmynd að fara í námsferð þar sem aðaláherslan væri útinám. Heimsækja skóla sem og fá kennslu úti í náttúrunni.

Kveikjan að verkefninu var að leikskólinn fór í ytra mat á starfi skólans, þar var bent á að það vantaði upp á útikennslu. Við erum með útiveru og förum í vettvangsferðir en eitthvað fannst þeim vanta upp á og þess vegna er þetta verkefni valið.

Farið var af stað á haustmánuðum til að leita að skólum og námskeiðshöldurum. Haft var samband við Berlínurnar sem gefa sig út fyrir að sjá um og skipuleggja ferðir fyrir hópa. En að fá staðfestingu frá leikskólunum í Berlín tók langan tíma en að lokum skilaði það sér.

Verkefnið sjálfst stendur yfir í 2 daga, það er með heimsóknum í tvo leikskóla sem eru náttúruskólar og hálfan dag í nám úti í náttúrunni.

Tilgangur ferðarinnar er að þjappa starfsfólki saman og að byggja upp öflugan hóp starfsmanna sem ganga í takt. Að starfsfólk styðji og hvetji hvert annað er varðar útinám og útikennslu. Að starfsfólk fái aðra sýn á útinám, kennslu og kynnist fjölbreytileika þess.

Námssvið leikskólans fara öll inn á útiveru og útinám. Þ.e. að útivera byggir upp heilbrigði og vellíðan. Við lærum að lesa í umhverfið okkar og bregðast við því ásamt því að það veitir okkur endalausa uppsprettu af umræðuefni. Náttúran gefur okkur eining mikið magn af efnivið sem hægt er að nota til sköpunar og tilrauna. En umfram allt þá er mikilvægt að börnin læri að fara vel með náttúruna og sjá að við

höfum aðeins eina jörð og það skiptir máli hvað er gert annars staðar í heiminum en ekki bara hvernig við gerum hlutina því allt hefur þetta áhrif á okkur.

Dagskrá og ferðalýsing

Lagt var af stað frá Leikhólum kl. 16:30 á þriðjudagskvöldi komið til Keflavíkur kl. 24:00 Þar var búið að panta gistingu og köstuðu allir sér niður í smá tíma því það var ræs kl. 4:00 á miðvikudagsmorgni, skutla tekinn upp á völl og flug út kl. 7:35 og við lentum kl. 13:10. Vilhjálmur Skúli tók á móti hópnum sem fór í rútu að Park inn. By radisson Berlín hótél við Alexanderplasa.

Boðið var upp á gönguferð um næsta nágrenni með leiðsögn frá Hinrik Þór sem fræddi okkur um sögu Berlínar í stuttu máli.



Fimmtudagur 25.04.

Kl. 8:00 var hópurinn sóttur á hótél og honum skipt í tvennt. Leikhólar og Leikskólar fararstjórar voru Árný Fjóla og Anna Þórbjörg. Leikskólarnir sem tóku á móti okkur voru í Nordost. Þetta voru leikskólarnir Pappelallee og Prenzelberger spielmäuse. Leikskólar í Berlín starfa eftir aðalnámskrá Berlínar. Nordost er með flesta leikskóla í Berlín eða 77 talsins ásamt að reka nokkra fjölskyldumiðstöðvar. Áherslan þeirra er á heimsborgarahyggju, umburðarlyndi og fjölbreytileika. Heimspeki þeirra er að uppeldi og menntun sé án aðgreiningar. Mikil áhersla er á lýðræði og frelsi hjá börnum og kennurum. Það vakti athygli okkar að foreldrar þurfa að sýna fram á að börnin þeirra þurfi á leikskólaplássi að halda. Foreldrar verða að sýna fram á að þeir séu í vinnu eða að vegna heimilisaðstæðna þá fái barn vistun í leikskólanum.

Leikskólarnir Pappelallee og Prenzlberger hafa sama inngang inn í garðinn en eru í sitthvorri byggingunni.

Anna Þórbjörg fór með öðrum hópnum yfir í leikskólann Prenzelberger og sá um að þýða fyrir hópinn. Prenzelberger er í eldra húsnæði á tveimur hæðum. Yngstu börnin voru á fyrstu hæðinni og þriggja ára og eldri voru á hæðinni fyrir ofan. Það er meira lagt upp úr því að yngri börnin séu í litlum hópum en eldri börnin fara á milli svæða í skólanum. Svæðunum er skipt upp í kubbakrók, listasmiðju, sull og eldhús, íþróttasal. Leikherbergi voru stór og björt, mun stærri en við eigum að venjast. Elstu börnin höfðu einnig aðgang að keramik stofu. Fyrir Covid þá fóru börnin saman í sánu og þar var lagt áherslu á yoga og rólega stundir, það hefur ekki verið tekið upp aftur eftir Covid. Leikskólinn er opinn frá 6:00 - 18:00 ef þess þarf. Leikskólinn er mjög nútímalegur. Leikskólinn byggir á að börn fái að skapa og þau

geti aukið hugmynda flæði sitt. Garðurinn er stór og býður upp á mjög fjölbreyttan leik hvort heldur að börnin vilja rannsaka eitthvað í garðinum eða bara leika og hugsa um náttúruna og blóminn í kring. Það sem kom okkur á óvart var kannski það hvað allur húsbúnaður var hannaður fyrir hæð barnanna og þeirra þarfir þar sem við teljum að þetta sé meira hannað á Íslandi fyrir starfsmenn og einnig að þarna eru öll börn tannburstuð eftir mat.



Pappelallee

Skólastjórinn tók á móti hópnum og Árný sá um að þýða fyrir okkur. Við byrjuðum á því að skólastjórinn tók niður spurningar frá okkur um það sem okkur langaði að vita um leikskólann og stefnu hans.

Dagskipulag, foreldrasamstarf, aðlögun, útinámi ásamt fl. sem starfsmenn spurðu út í. En eins og fyrri leikskóli þá starfa þeir eftir sömu hugmyndafræði og mikill áhersla er á frelsi og lýðræði, ekki bara hjá börnunum heldur einnig hjá starfsmönnum. Þetta húsnæði var á þrem hæðum, yngstu börnin á sér hæð en eldri börnin gátu farið á milli tveggja hæða. Þau koma inn á morgnana í rólega stund en síðan upp úr kl. 9 þá fara þau á það svæði sem þau kjósa. Leikskólarnir eru með sömu opnunartíma en flest börn eru í sjö tíma vistun. Skólinn byggir á flæði þannig

að það eru ekki allir sem setjast niður og borða á sama tíma heldur getur Gunnar farið og leitað að besta vini sínum og spurt hvort að hann vilji borða með honum. Það getur verið erfitt að halda utan um að allir fari í mat. Leikstofunum var skipt upp í svæði kubbaherbergi, listir, sull, eldhús og fl. Það sem vakti áhuga hjá okkur var að með því að hafa sér matstofu þá var ekki alltaf verið að taka saman og þarna sáum við t.d. í kubbaherbergi að börnin settu mynd af sér á bygginguna og það þýddi að þau ætluðu að koma aftur að verkinu. Barnið gat farið út að leika eða bara að leita að vini í leikskólanum. Þarna tókum við einnig eftir því að það var mynd á gólfinu en ekkert leikefni, það þýddi að barnið var með þetta svæði og ætlaði að koma aftur. Útinám við tókum eftir því að mikið var um blóm í garðinum þ.e. sumarblómum. Þetta er gert í samvinnu við foreldra en þeir fara með börnunum sínum og kaupa sumarblóm og síðan plantar barnið og leikskólakennarinn blóminu í garðinum. Við þetta hættu börnin að rífa upp plönturnar því þetta var þeirra verk og vinna. Börnin sjá einnig um að hlúa að blóminu sínu. Í báðum skólum er mikið um endurnýtingu þ.e. að nota það sem til fellur af efnivið í listir sem og í útiveru.

Skólarnir voru ný búnir að fá viðurkenningu er varðar nýtingu á hráefnum á matvælum, sem og að litlu er hent af mat eða öðru rusli.



Lítið var tekið af myndum þar sem ekki mátti sjást í börn.

Eftir leikskólaheimsókn hittist hópurinn allur saman og hélt af stað í mat. Það fengu allir verkefni sem vinna átti á leiðinni. Einn hópur átti að safna laufi, annar að safna ákveðnum litum, tveir hópar voru með bingó þ.e. að safna fyrir fram ákveðnum hlutum í eggjabakka og einn hópur átti að safna bifurkollum. Allt var þetta nýtt í kennslunni sem var eftir matinn. Þetta sýndi okkur hvað það er auðvelt að fá okkur til að veita hinu ýmsu hlutum í náttúrunni auga, það fer bara eftir því hvað það er sem lagt er upp með í vettvangsferðina.



Eftir matinn var komið að námskeiðinu Náttúran sem efniviður með Margréti Rós Harðardóttur. Hún fór yfir mikið efni og benti okkur á að hafa opinn hugann fyrir því hvað hægt er að gera, Margrét benti okkur á nokkrar bækur sem hægt er að kaupa til að fá hugmyndir og hvatti okkur til að nota t.d. youtube til að leita að hugmyndum. Þarna var gerð kóróna úr bréfpoka og notuð laufblöð til að skreyta,

bökuð pönnukaka á áldós sem hituð var upp með kertum, gerðir drykkir og sýnt hversu auðvelt það er að rækta hinu ýmsu hluti aðeins með hlutum sem falla til hjá okkur og náttúrunni. Margrét fór jafnframt yfir þær jurtir sem við getum notað bæði til að borða í salöt eða bara tína upp í okkur eða laga te. Það er gaman að vinna að verkefnum sem maður getur notið með börnunum eftir á.



Þá var komið að okkur að vinna. Hópnun var skipt tvisvar upp annað skiptið bara í tveggja manna teymi sem áttu að gera verkefni úr verðlausum efnivið (ruslinu okkar) Búið var að búa til nokkra flokka, fínhyfing, leikur, vísindi og lærdómur. Við áttum að flokka það sem við gerðum eftir þessum þáttum. Þarna átti hugmyndaflugið af fara á fullt. Það voru mjög skemmtileg verk sem fæddust þarna. Hvert teymi kynnti sitt verk og sagði frá tilurð og hvernig hægt væri að nota verkið og auðvitað var þetta keppni og það voru krýndir sigurvegarar sem fengu verðlaun sem var búið til úr sama dótinu og við höfðum aðgang að.



Þá var hópnunum skipt niður í þrjá hópa og allir fóru með sínum leiðbeinanda, hóparnir vissu ekki hvað hinir hóparnir voru að gera fyrr en í lokinn þegar allir hittust í garðinum hennar Margrétar og hver hópur kynnti sitt verkefni. Þá var uppskeruhátíð og allir fengu smá smakk af þeim mat og drykkjum sem gerðir voru úr því sem náttúran gefur okkur.

1. Hópur eitt var að vinna með að mála og þrykkja á efni en það sem var notað var allt úr náttúrunni eða með því sem við eigum heima. Hér var klútur bleyttur í mjólk og vafinn með blómum, laufum og grænmeti.



2. hópur tvö unnu með mat, jurtir og safa. Það var spennandi að smakka það sem búið var til.



3. Hópur þrjú var að vinna með jurtir farið var yfir hvað jurtir eru ætar og hverjar ekki. Það kom okkur á óvart hversu mikið af blómum má borða. Hópurinn gerði saman safu og heitt te. Þetta er mjög einfalt að gera með börnum og drykkirnir voru mjög bragðgóðir og stútfullir af vítamínum.



Föstudagur 25.04.

Dagskrá byrjaði kl. 8:00 og náð var í hópanna upp á hótél. Leikhólar fóru að skoða Pappelallee leikskólann (sjá lýsingu hér fyrir ofan)

Leikskólar fóru að skoða Siekids. Skólinn er opinn frá kl. 6:00 til 17:30 en líkt og í fyrri skólum þá var vistunar tími barnanna yfirleitt um 7 tímar. Við fengum ekki fylgd í gegnum skólann þar sem mikið var um veikindi og mannekleu þennan dag (humm eitthvað er þetta kunnuglegt). Þannig að þetta varð meira svona skoðunar ferð um húsnæðið en ekki mikil fræðsla um starfið líkt og á fyrri leikskólum sem við skoðuðum. Þetta er skóli sem er mjög nýttískulegur, allar innréttingar hannaðar með tilliti til barna og þeirra þarfa, leikstofurnar voru allar mjög stórar og bjartar. Skólinn gefur sig út fyrir að vera framsækinn í tæknigeiranum og tókum við eftir því að skólinn var vel búinn fyrir að kenna forritun og fl. Skólinn leggur mikla áherslu á að vera sjálfbær og rækta sitt grænmeti sem notað er í skólanum sem og að vera vistvæn og leggja áherslu á að kenna börnunum um endurvinnslu og það

hvernig við höfum áhrif á jörðina. Það var gaman að sjá barnaeldhúsið þeirra, þar sem börnin gátu aðstoðað við að matreiðsluna þetta gerir þau meðvituð um hvað það er sem fellur af og hvað er hægt að gera til nýta allt til matseldis.

Þetta er alþjóðlegur skóli, lagt er upp úr því að tala bæði á þýsku og ensku við börnin og læra þau því bæði málin samhliða. Það vakti athygli okkar að í fyrri leikskólum þá voru garðarnir meira með heimatilbúnum leiktækjum, sem gáfu til kynna að þarna væri börnin meira að rannsaka og taka þátt í að skapa sinn heim, en þessi lóð var með fjöldaframleiddum tækjum.



Föstudagur eftir hádegi og laugardagurinn voru frjáls dagar hjá starfsmönnum.

Það voru þreyttir en glaðir starfsmenn sem héldu heim á sunnudeginum 28.04. eftir flug og rútuferð var klukkan um 24:30 þegar allir voru búnir að skila sér heim.

Það er margt sem þarf, til að gera námsferð erlendis mögulega fyrir leikskólastarfsmenn. Fyrir það fyrsta þá er það samþykki frá sveitarfélaginu til að setja saman tvo starfsdaga þannig að nægur tími sé til ferðar. Hafa þarf samband við aðila sem skipuleggja námsferðir, fá staðfestingu á leikskólaheimsóknum og annarri dagskrá svo hægt sé að sækja um styrki. Öll stéttarfélögin sem leikskólastarfsmenn er í, veittu styrk til ferðarinnar þ.e. Eining iðja, Kjölur og Kennarasambandið. Hver starfsmaður fékk styrk upp á 170.000 krónur. Ásamt því að kennarar fengu ferðastyrk innanlands sem settur var upp í rútukostnað fyrir alla.

Fjallabyggð lagði út fyrir öllum kostnaði þar sem styrkir frá Einingu iðju og Kili leggjast beint inn á reikning Fjallabyggðar. Þökkum við Fjallabyggð, Eining iðju, Kili og Kennarasambandinu fyrir veitta styrki. Við þökkum ferðaskrifstofunni Visetor og Berlínunum fyrir að skipuleggja þessa frábæru ferð og að halda utan um okkur í Berlín. Við þökkum ChitoCare fyrir gjafirnar sem við færðum leikskólunum þremur, en hver leikskóli fékk handáburð, andlitskrem sem og body krem ásamt smá íslensku nammi.

Fyrir hönd starfsmanna

Kristín María Karlsdóttir